

Ræða 1.maí

Ágætu samkomu gestir – gleðilegan 1.maí

Mikið er gaman að sjá ykkur öll

Fyrir hönd stéttarfélaganna vil ég senda verkafólki um allan heim baráttukveðjur og taka undir kröfuna um jafrétti, frið og bræðralag öllu verkafólki til handa.

Takk fyrir að sýna mér það traust að gefa mér tækifæri á að vera ykkar formaður. Fyrir það er ég mjög þakklát.

Lítill skolkærð stelpa skottast með pabba sínum í kröfugöngu í grámygluðu tíbísku íslensku vorveðri ískalt, rigning eða jafnvel slydda. Síðan fer hún í Bíóhöllina með heimagerðan nammipoka og situr með frænku sinni í sæti því allir fóru í bíó og þröngt var á þingi. Nú er þessi skolkærða litla stelpa orðin töluvert eldri og stendur hér og talar sem formaður Stéttarfélags Vesturlands.

Þetta eru mínar æskuminningar frá 1.maí

Mig langar til að nýta tækifærið og segja ykkur aðeins frá mér og minni vegferð inn í verkalyðshreyfinguna. Ég er fædd og uppalin á Akranesi og þar man ég eftir mér að fara í kröfugöngur með pabba mínum. Þar var fólk með kröfuspjöldin á lofti og pabbi gerði sitt besta til að útskýra fyrir mér hvað var verið að gera. Það var verið að krefjast betri kjara og jafnra kjara fyrir alla, allir áttu að hafa nóg í sig og á. Ég man mér fannst þetta svo ósanngjarnt. Þetta átti ekki að vera svona.

Þetta varð sem hvatning fyrir mig inn í framtíðina ég ætlaði að mennta mig til þess að geta fengið betri kjör. Ég fór í háskóla og kláraði, nýtti námsárin líka til barneigna og svo kom að því að finna starf sem hentaði.

Ég hafði prufað ýmislegt starfað á leikskóla, í sjoppu, hjá sveitarfélagi, sem dagamma, í búsetuþjónustu, í banka og margt fleira.

En þann 15.maí 2015 hóf ég störf sem skrifstofustjóri hjá Stéttarfélagi Vesturlands algjörlega blaut á bakvið eyrun og vissi mjög takmarkað út í hvað ég var að fara. Til stóð að ég myndi leysa af í eitt ár sem svo varð að tveimur árum og að lokum ótímabundið sem hefur nú þróast út í að ég er orðin formaður. Ég man vel hvernig mér leið fyrstu vikurnar því mér fannst ég ekki vita neitt og hausinn var fullur af spurningum og sú stærsta var kannski AF HVERJU ER EKKI BARA EINN RÍKISSAMNINGUR! En með þolinmæði samstarfskvenna minna á þessum tíma

lærði ég alltaf meira og meira á þetta torf og eftir nokkurn tíma var ég farin að skilja betur og ná betur utan um þetta allt saman.

Ég myndi þó segja að ekkert nám gæti undirbúið mann undir starf hjá stéttarfélagi. Þetta er allt meira og minna það sem þú lærir með því að þjónusta félagsmanninn og svara spurningum hans. Þannig eykur maður þekkingu sína með að þurfa alltaf að vera fletta upp, ræða málefnið við samstarfsmenn og komast að niðurstöðu.

Sem er samt skrítið því þetta skiptir okkur öll svo miklu máli. Við eyðum svo stórum hluta af starfsævinni á vinnumarkaðnum og við ættum því að sýna kjarabaráttu og kjaramálum mun meiri áhuga en við gerum. Því við getum haft áhrif. Í gegnum stéttarfélögin okkar getum við sagt okkar skoðun og komið þeim á framfæri og þannig haft áhrif.

Því tel ég fræðslu skipta svo miklu máli. Ég er svo heppnin að í gegnum mín störf fyrir Stéttarfélag Vesturlands hef ég fengið að heimsækja nemendur við Grunnskólann í Borgarnesi og Menntaskóla Borgarfjarðar og fræða þau. Fræða þau um hvernig á að lesa launaseðla, hvað er veikindaréttur, hvað er orlof, hverjar eru þeirra skyldur á vinnumarkaði og svo framvegis. Yfirleitt vakna hjá þeim spurningar og oft koma þessir krakkar til okkar eftir fyrsta sumarstarfið og við lesum með þeim yfir launaseðla eða förum yfir þau mál sem brenna á þeim, leiðbeinum og útskýrum.

Ef eitthvað er finnst mér þessi fræðsla þurfa að vera meiri og betri og ná til stærri hópa og það er minn draumur.

En snúum okkur aðeins að stöðu kjarabaráttunnar í dag. Fyrir jól skrifuðum við undir stutta kjarasamninga með SGS, LÍV og Samiðn til að leggja okkar á vogaskálarnar í baráttunni við verðbólguna. Stuttir samningar gætu eytt óvissu sem skapast í samfélaginu þegar samningar eru lausir. Í lok mars voru samningar við ríkið lausir og í haust eru samningarnir við sveitarfélögin lausir. Ég vona að okkur eigi eftir að lukkast vel til í komandi samningum og verðbólgu draugurinn hætti að bíta okkur en við vitum líka að það er ekki nóg að aðeins félagsmenn innan ASÍ færi fórnir það eru fleiri sem koma að þessu borði sem þurfa leggja sitt á vogaskálarnar.

Framundan eru því samningaviðræður og vinna við þær.

Ég er bjartsýn að eðlisfari og leyfi mér líka að halda í þá von að framundan sé bjart hjá ASÍ, að við sem erum að vinna þarna saman getum starfað sem ein heild eins

og okkur er ætlað. Okkur er ætlað að starfa að heilindum með hag félagsmannsins fyrir brjósti og eigum að gera það.

Ágætu samkomugestir Við höldum áfram baráttunni fyrir bættem kjörum félagsmanna okkar um ókomin ár.

Verum minnug þess að nóg er til.